

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun stafrænnar stefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður: Óskar Jörgen Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Inngangur:

Síðasta áratuginn hefur tækniumhverfið tekið miklum breytingum. Með Covid-19 sem fól í sér víðtækar lokanir og einangrun einstaklinga og samfélaga um allan heim, þróaðist tækniumhverfið sem aldrei fyrr. Umfang þróunar á nýjum hugbúnaðarlausnum og upplýsingakerfum sem og magn gagna í starfsemi fyrirtækja og hins opinbera er enn í veldisvexti og ekki er útlit fyrir að viðsnúningur verði á þeirri þróun næstu árin. Þá er sú krafa íbúa og fyrirtækja um allan heim orðin ófrávíkjanleg, að þjónusta hins opinbera sé eins aðgengileg, einföld og hraðvirk og þjónustur fyrirtækja á markaði.

Samhliða þessari þróun síðastliðin þrjú árin hefur sú grundvallar breyting átt sér stað innan hins opinbera að ekki er einungis litið á upplýsingatækni sem rekstrarmál þar sem kaup og rekstur tölvubúnaðar og kerfa er megin verkefnið. Viðurkennt er nú að öruggt og skilvirkt upplýsingatækniumhverfi, búnaður, lausnir, gögn og stafrænar þjónustur séu með mikilvægustu innviðum samfélaga, forsenda opins lýðræðis, inngildingar, aðgengis, gagnsæis og öryggis.

Fyrir liggur umfangsmikið mat Intenta ehf. sem unnið var fyrir Reykjavíkurborg haustið 2022 á stöðu stafrænnar umbreytingar hjá Reykjavíkurborg. Stöðumatið var unnið til að draga saman haldgott inntak í mótun stafrænnar stefnu fyrir Reykjavíkurborg og ávarpa um leið hverju mikilvægt er að slík stefnumótun svari svo hún hafi tilgang og skili tilætluðum ávinningi. Þá voru tillögur að mögulegum meginmarkmiðum slíkrar stefnu settar fram sem og tillögur að mögulegri samsetningu afmarkaðra stuðningsstefna sem þurfa að vera til staðar

Markmið og hlutverk:

Markmið með stofnun stýrihópsins er að móta heildstæða stafræna stefnu. Stefnumótuninni er ætlað að ná fram heildarmynd af þeim málaflökum sem heyra undir stafrænt ráð og þjónustu- og nýsköpunarsvið. Stefnumótunin mun felast í samhæfingu á þeim straumum, stefnum og áherslum sem ríkjandi eru í tækniumhverfinu og sem mikilvægt er að borgin dansi í takt við, áherslum borgarinnar og annarri gildandi opinberri stefnumótun eins og kostur er, raunhæfri markmiðasetningu, framsetningu á aðgerðaráætlun og verk- og tímaáætlun til 5 ára.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Hafa heildarsýn yfir stefnumótunarferlið
- Móta kröfur til stafrænnar stefnu borgarinnar
- Greina helstu hagsmunaaðila
- Rýna efni og niðurstöður vinnustofa og samantekta
- Samþykkja verk- og tímaáætlun verkefnisins
- Móta og kostnaðarmeta aðgerðaráætlun og forgangsraða
- Annað sem hópurninn telur skipta máli

Í starfi sínu skal stýrihópurinn hafa hagsmuni notenda að leiðarljósi þ.e. íbúa, lögaðila sem og starfsfólks borgarinnar. Einnig þær lykilstefnur sem Reykjavíkurborg hefur samþykkt og eru í gildi s.s. þjónustustefnu, mannréttinda- og lýðræðisstefnu. Jafnframt skulu gildandi stefnur ríkisins hafðar til hliðsjónar.

Stýrihópurinn skipa:

[Nafn fulltrúa] (formaður), [starfseining].

[Nafn fulltrúa].

[Nafn fulltrúa].

Starfsmaður stýrihópsins:

Eva Pandora Baldursdóttir, þjónustu- og nýsköpunarsvið.

Til ráðgjafar, samstarfs og samráðs:

Starfsmaður stýrihópsins sér um utanumhald funda og önnur praktísk atriði. Stýrihópurinn getur í samráði við sviðsstjóra falið sérstökum faghópum á þjónustu- og nýsköpunarsviði að vinna að afmörkuðum verkefnum í tengslum við stefnumótunina. Stýrihópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan kerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Þá skulu drög að stefnunni send til helstu hagaðila áður en til endanlegrar samþykktar kemur.

Starfstími:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni tillögu að stefnu um stafræna umbreytingu fyrir lok maí 2023.

Reykjavík, 23. janúar 2023



Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs